STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR Í HEIMI

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

Janúar - september 2023

NOVA KLÚBBURINN

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. er móðurfélag Nova hf., en meginstarfsemi þess er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Samandreginn árshlutareikningur þessi samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. (félagið) og dótturfélagi þess Nova hf., saman nefnt „samstæðan". Árshlutareikningarnir eru hvorki endurskoðaðir né kannaðir.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til september 2023 9.666 milljónum kr., samanborið við 9.287 milljónir kr. á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA var 3.018 milljónir kr. samanborið við 2.658 milljónir kr. á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma var 547 milljónir kr. samanborið við 364 milljónir kr. á fyrra ári. Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.365 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.053 milljónir kr. um áramót. Eiginfjárhlutfall er 40,1%, samanborið við 39,8% um áramót. Vísað er til eiginfjáryfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Á stjórnarfundi í maí samþykkti stjórn, á grundvelli samþykktar aðalfundar í mars sl., að hefja endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 milljónum kr.. Þann 30. september 2023 hafði félagið keypt sem nemur samtals 54 milljónum eigin hluta að nafnverði, á meðalgenginu 4,34 fyrir alls 234,5 milljónum kr., eða sem nemur 1,4% af útistandandi hlutafé félagsins.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til september 2023, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 30. september 2023, og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til september 2023. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning fyrir tímabilið janúar til september 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. nóvember 2023

**Stjórn**

Sigríður Olgeirsdóttir
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Stjórnarmeðlimur

Jón Óttar Birgisson
Stjórnarmeðlimur

Magnús Árnason
Stjórnarmeðlimur

Jóhannes Þorsteinsson
Stjórnarmeðlimur

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023

| | Sk. | 1.7.-30.9 2023 | 1.7.-30.9 2022 | 1.1.-30.9 2023 | 1.1.-30.9 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Sala | 2 | 3.231.120 | 3.121.766 | 9.545.054 | 9.168.647 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 23.422 | 43.346 | 120.707 | 118.074 |
| | | 3.254.542 | 3.165.112 | 9.665.761 | 9.286.721 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.568.806 | 1.561.342 | 4.705.774 | 4.720.036 |
| Laun og launatengd gjöld | | 408.068 | 377.321 | 1.336.271 | 1.233.702 |
| Annar kostnaður | | 182.403 | 216.523 | 605.814 | 675.077 |
| | | 2.159.277 | 2.155.186 | 6.647.859 | 6.628.815 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | | 1.095.265 | 1.010.375 | 3.017.902 | 2.658.355 |
| Afskriftir | 4 | (538.950) | (503.708) | (1.589.560) | (1.468.594) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 556.315 | 506.667 | 1.428.342 | 1.189.761 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 9.147 | 8.648 | 27.483 | 42.493 |
| Vaxtagjöld | | (239.576) | (257.013) | (774.432) | (783.229) |
| Gengismunur | | 6.686 | (1.296) | 671 | 5.399 |
| | 5 | (223.743) | (249.661) | (746.278) | (735.337) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 332.572 | 257.006 | 682.064 | 454.424 |
| Tekjuskattur | | (66.149) | (51.061) | (135.328) | (89.873) |
| **Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu** | | 266.423 | 205.945 | 546.736 | 364.551 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Grunn- og þynntur hagnaður á hlut | | 0,07 | 0,05 | 0,14 | 0,10 |

Skýringar á bls 8 -10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2023

| | Sk. | 30. sept. 2023 | 31. des. 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | | 10.048.985 | 10.048.985 |
| Óefnislegar eignir | | 1.669.901 | 1.637.276 |
| Rekstrarfjármunir | | 4.010.700 | 3.862.667 |
| Leigueignir | | 4.276.924 | 4.059.826 |
| Fjárfesting í öðrum félögum og aðrar fjáreignir | | 2.596 | 2.596 |
| Tekjuskattsinneign | | 445.645 | 377.736 |
| | | 20.454.751 | 19.989.086 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 443.529 | 410.988 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | | 487 | 174.249 |
| Viðskiptakröfur | | 1.103.553 | 1.145.052 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 604.311 | 387.374 |
| Handbært fé | | 770.042 | 664.790 |
| | | 2.921.922 | 2.782.453 |
| **Eignir samtals** | | 23.376.673 | 22.771.539 |

Skýringar á bls 8 -10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2023

## Skuldir og eigið fé

| | Sk. | 30. sept. 2023 | 31. des. 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 3 | 3.763.277 | 3.817.277 |
| Yfirverðsreikningur | 3 | 2.529.526 | 2.710.068 |
| Varasjóðir | | 999.669 | 1.183.637 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.072.931 | 1.342.227 |
| | | 9.365.403 | 9.053.209 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 2.225.458 | 2.304.376 |
| Leiguskuldbindingar | | 6.220.715 | 6.038.571 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 2.944.917 | 2.795.244 |
| | | 11.391.090 | 11.138.191 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila | | 1.154 | 175.517 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 130.271 | 129.217 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.010.827 | 946.517 |
| Ógreiddir skattar | 6 | 205.108 | 254.167 |
| Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir | | 313.128 | 224.212 |
| Aðrar skuldir | | 905.294 | 804.468 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 54.398 | 46.041 |
| | | 2.620.180 | 2.580.139 |
| **Skuldir samtals** | | 14.011.270 | 13.718.330 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 23.376.673 | 22.771.539 |

Skýringar á bls 8 -10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2023

| | Sk. | 1.7.-30.9 2023 | 1.7.-30.9 2022 | 1.1.-30.9 2023 | 1.1.-30.9 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 266.423 | 205.945 | 546.736 | 364.551 |
| Rekstrarliðir án greiðsluáhrifa: | | | | | |
| Afskriftir | | 538.950 | 503.708 | 1.589.560 | 1.468.594 |
| Tekjuskattur | | 66.149 | 51.061 | 135.328 | 89.873 |
| Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 223.743 | 249.661 | 746.278 | 735.337 |
| | | 1.095.265 | 1.010.375 | 3.017.902 | 2.658.355 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 48.815 | 58.609 | (32.541) | (28.495) |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, lækkun (hækkun) | | 17.510 | (20.516) | (175.440) | (296.412) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, (lækkun) hækkun | | (105.295) | (145.429) | (9.281) | 135.216 |
| | | (38.970) | (107.336) | (217.262) | (189.691) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 9.146 | 8.648 | 27.483 | 42.493 |
| Greidd vaxtagjöld | | (188.758) | (161.770) | (569.193) | (565.162) |
| Greiddir skattar | 6 | 0 | (28.169) | (254.167) | (112.872) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 876.683 | 721.748 | 2.004.763 | 1.833.123 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (231.600) | (244.527) | (1.175.826) | (1.102.629) |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (66.649) | (76.751) | (216.806) | (227.989) |
| | | (298.249) | (321.278) | (1.392.632) | (1.330.618) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| (Keypt eigin hlutabréf), hækkun á hlutafé | | (148.504) | 0 | (234.542) | 3.395.000 |
| Afborganir leiguskulda | | (50.014) | (35.467) | (145.266) | (108.276) |
| Afborganir annarra langtímaskulda | | (11.303) | (9.738) | (33.949) | (29.215) |
| Ógreitt vegna kaupa eigin hlutabréfa | | 4.034 | 0 | 4.034 | 0 |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | | (32.954) | (32.948) | (98.864) | (4.646.052) |
| | | (238.741) | (78.153) | (508.587) | (1.388.543) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 339.693 | 322.317 | 103.544 | (886.038) |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | (256) | 2.810 | 1.708 | 2.582 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 430.605 | 970.295 | 664.790 | 2.178.878 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 770.042 | 1.295.422 | 770.042 | 1.295.422 |

Skýringar á bls 8 -10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2023

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Staða 1. janúar 2022** | 3.132.345 | 0 | 1.162.376 | 824.204 | 5.118.925 |
| Hagnaður og heildarafkoma janúar til september 2022............................ | | | | 364.551 | 364.551 |
| Hækkun hlutafjár | 684.932 | 2.815.068 | | | 3.500.000 |
| Kostnaður við hlutafjáraukningu | | (105.000) | | | (105.000) |
| Móttekinn arður frá dótturfélagi umfram hlutdeild í hagnaði......................... | | | (293.902) | 293.902 | 0 |
| **Staða 30. sept. / 1. okt. 2022** | 3.817.277 | 2.710.068 | 868.474 | 1.482.657 | 8.878.476 |
| Hagnaður og heildarafkoma október til desember 2022............................ | | | | 174.733 | 174.733 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð....................... | | | 53.928 | (53.928) | 0 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð.................................. | | | 261.235 | (261.235) | 0 |
| **Staða 31. desember 2022 / 1. janúar 2023** | 3.817.277 | 2.710.068 | 1.183.637 | 1.342.227 | 9.053.209 |
| Hagnaður og heildarafkoma janúar til september 2023............................ | | | | 546.736 | 546.736 |
| Kaup á eigin hlutabréfum................................ | (54.000) | (180.542) | | | (234.542) |
| Móttekinn arður frá dótturfélagi umfram hlutdeild í hagnaði......................... | | | (183.968) | 183.968 | 0 |
| **Staða 30. sept. / 1. okt. 2023** | 3.763.277 | 2.529.526 | 999.669 | 2.072.931 | 9.365.403 |

Sjá skýringu 3 varðandi kaup á eigin hlutum á tímabilinu

Skýringar á bls 8 -10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Skýringar við árshlutareikninginn

## Reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið") er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandreginn árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 30. september 2023 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélagi þess, Nova hf., saman nefnt „samstæðan".

Meginstarfsemi samstæðunnar er fjarskipti og skyld starfsemi.

### 1.2 Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til september 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðal IAS34 eins og hann er samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2022.

Samandregni árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

### 1.3 Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

# Skýringar við árshlutareikninginn

## 2. Tekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er samstæðan í heild skilgreind sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

| | |
|---|---|
| FlakkNet: | Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað. |
| FastNet: | Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað. |
| Vörusala: | Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Tekjufærðar á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar. |
| Aðrar sölutekjur: | Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað. |

| **Janúar til sept 2023** | **FlakkNet** | **FastNet** | **Vörusala** | **Aðrar sölut.** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | | | 1.393.224 | | 1.393.224 |
| Yfir tímabil | 4.653.486 | 2.656.118 | | 842.226 | 8.151.830 |
| Sölutekjur samtals | 4.653.486 | 2.656.118 | 1.393.224 | 842.226 | 9.545.054 |

| **Janúar til sept 2022** | **FlakkNet** | **FastNet** | **Vörusala** | **Aðrar sölut.** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | | | 1.576.295 | | 1.576.295 |
| Yfir tímabil | 4.335.171 | 2.429.829 | | 827.352 | 7.592.352 |
| Sölutekjur samtals | 4.335.171 | 2.429.829 | 1.576.295 | 827.352 | 9.168.647 |

## 3. Eigið fé

### Hlutafé

Hlutafé félagsins að nafnverði samkvæmt samþykktum þess nemur 3.817.277 þús.kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í samræmi við heimild aðalfundar félagsins þann 29. mars 2023 hóf félagið endurkaup á eigin hlutum í öðrum ársfjórðungi. Í öðrum og þriðja ársfjórðungi keypti félagið samtals 54 milljón hluti að nafnverði á meðalgenginu 4,35 fyrir alls 234,5 m.kr. sem nemur 1,4% af útistandandi hlutafé félagsins.

## 4. Afskriftir

| Afskriftir greinast þannig: | **Jan-sept 2023** | **Jan-sept 2022** |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 364.181 | 370.778 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.027.793 | 947.302 |
| Afskriftir leigueigna | 197.586 | 150.514 |
| | 1.589.560 | 1.468.594 |

# Skýringar við árshlutareikninginn

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármagnstekjur og gjöld greinast þannig: | Jan-sept 2023 | Jan-sept 2022 |
|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | |
| Vaxtatekjur | 27.483 | 42.493 |
| **Samtals vaxtatekjur** | 27.483 | 42.493 |
| | | |
| **Vaxtagjöld og verðbætur** | | |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (225.597) | (276.433) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (311.571) | (262.694) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (50.092) | (44.810) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (185.265) | (193.173) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1.907) | (6.119) |
| **Samtals vaxtagjöld og verðbætur** | (774.432) | (783.229) |
| | | |
| **Gengismunur** | | |
| Gengismunur | 671 | 5.399 |
| **Samtals gengismunur** | 671 | 5.399 |
| | | |
| **Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | (746.278) | (735.337) |

### 6. Tekjuskattur

Ógreiddur tekjuskattur um síðustu áramót vegna afkomu ársins 2022 kr. 254,2 millj. var greiddur að fullu á fyrsta ársfjórðungi 2023, þar sem fyrirfram greiðslukerfi skatta byggir á álagningu vegna ársins 2021, en það ár myndaðist hár skattur til greiðslu vegna sölu á óvirkum fjarskiptainnviðum. Ógreiddur reiknaður tekjuskattur vegna afkomu janúar til september 2023 kr. 205,1 millj. er færður meðal skammtímaskulda í efnahag og kemur ekki til greiðslu fyrr en á árinu 2024.

### 7. Málarekstur

Þann 16. ágúst sl. var Nova birt stefna seljenda Símafélagsins ehf. vegna ágreinings um fjárhæð greiðslu s.k. „earn-out payment" undir kaupsamningi um kaup Nova á Símafélaginu frá árinu 2017. Umrædd greiðsla gat að hámarki numið 250 m.kr. skv. samningnum, en Nova greiddi seljendum á umsömdum gjalddaga greiðslunnar, þann 1. september 2021, tæplega 114 m.kr. Ágreiningur er um forsendur útreiknings fjárhæðar greiðslunnar og nemur heildarkröfufjárhæð skv. stefnunni rúmum 136 m.kr., ásamt dráttarvöxtum. Stefnan var þingfest þann 5. september sl. og Nova skilaði greinargerð í málinu þann 24. október. Færsla hefur ekki verið gerð í bókum félagsins vegna þessa máls.

### 8. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið keypt viðbótar eigin hluti í samræmi við áðurnefnda heimild aðalfundar um endurkaup eigin hluta. Til og með 3. nóvember nema heildarkaup eigin bréfa samtals 77,5 milljón hlutum að nafnverði á meðalgenginu 4,22 fyrir alls 327,3 m.kr. sem nemur 2,03% af útistandandi hlutafé félagsins.
Þann 3. nóvember greiddi Nova Klúbburinn hf. 300 milljóna kr. viðbótargreiðslu, umfram samningsbundar greiðslur, til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins.

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2023 í mkr.: | F1 2023 | F2 2023 | F3 2023 | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.503 | 1.547 | 1.604 | 4.653 |
| FastNet | 875 | 885 | 896 | 2.656 |
| Vörusala | 468 | 473 | 452 | 1.393 |
| Aðrar sölutekjur | 284 | 278 | 280 | 842 |
| Aðrar rekstrartekjur | 65 | 33 | 23 | 121 |
| **Rekstrartekjur** | **3.195** | **3.217** | **3.255** | **9.666** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.555) | (1.582) | (1.569) | (4.706) |
| Laun og launatengd gjöld | (468) | (460) | (408) | (1.336) |
| Annar kostnaður | (223) | (201) | (182) | (606) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.245)** | **(2.243)** | **(2.159)** | **(6.648)** |
| **EBITDA** | **949** | **973** | **1.095** | **3.018** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (327) | (346) | (354) | (1.028) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (122) | (125) | (117) | (364) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (63) | (67) | (67) | (198) |
| **Afskriftir** | **(512)** | **(538)** | **(539)** | **(1.590)** |
| **Rekstrarhagnaður** | **437** | **435** | **556** | **1.428** |
| Vaxtatekjur | 9 | 10 | 9 | 27 |
| Gengismunur | (6) | (0) | 7 | 1 |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (71) | (74) | (81) | (226) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (101) | (108) | (102) | (312) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (17) | (17) | (17) | (50) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (51) | (95) | (39) | (185) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) | (1) | (1) | (2) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(238)** | **(284)** | **(224)** | **(746)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **199** | **151** | **333** | **682** |
| Tekjuskattur | (39) | (30) | (66) | (135) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **159** | **121** | **266** | **547** |
| | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (150) | (154) | (152) | (457) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **799** | **819** | **943** | **2.561** |

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2022 í mkr.: | F1 2022 | F2 2022 | F3 2022 | F4 2022 | Samtals 2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.367 | 1.441 | 1.527 | 1.505 | 5.840 |
| FastNet | 797 | 807 | 826 | 840 | 3.270 |
| Vörusala | 491 | 592 | 493 | 643 | 2.220 |
| Aðrar sölutekjur | 280 | 271 | 276 | 285 | 1.112 |
| Aðrar rekstrartekjur | 36 | 39 | 43 | 81 | 199 |
| **Rekstrartekjur** | **2.972** | **3.150** | **3.165** | **3.354** | **12.641** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.645) | (1.514) | (1.561) | (1.739) | (6.458) |
| Laun og launatengd gjöld | (430) | (427) | (377) | (476) | (1.710) |
| Annar kostnaður | (243) | (216) | (217) | (161) | (837) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.317)** | **(2.156)** | **(2.155)** | **(2.376)** | **(9.005)** |
| **EBITDA** | **655** | **993** | **1.010** | **978** | **3.636** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (302) | (319) | (326) | (338) | (1.285) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (122) | (125) | (124) | (128) | (498) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (47) | (50) | (54) | (87) | (237) |
| **Afskriftir** | **(470)** | **(495)** | **(504)** | **(552)** | **(2.021)** |
| **Rekstrarhagnaður** | **185** | **499** | **506** | **426** | **1.615** |
| Vaxtatekjur | 25 | 8 | 9 | 23 | 65 |
| Gengismunur | 6 | 0 | (1) | (12) | (6) |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (132) | (78) | (66) | (70) | (347) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (85) | (90) | (89) | (95) | (358) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (15) | (15) | (14) | (16) | (60) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (31) | (80) | (82) | (42) | (235) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (0) | (1) | (5) | 4 | (2) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(232)** | **(255)** | **(249)** | **(208)** | **(943)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **(47)** | **244** | **257** | **218** | **673** |
| Tekjuskattur | (24) | (15) | (51) | (43) | (133) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **(72)** | **229** | **206** | **175** | **538** |
| | | | | | |
| Einskiptisliðir: | | | | | |
| Kostnaður vegna sölu hlutafjár og skráningu á markað | 26 | 40 | 0 | 0 | 66 |
| **Aðlöguð EBITDA** | **681** | **1.033** | **1.010** | **978** | **3.702** |
| | | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (121) | (127) | (124) | (149) | (521) |
| **Aðlöguð EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **560** | **907** | **886** | **829** | **3.181** |

INOVA
KLÚBBURINN